



Heimspeki á vísindavefnum - skilaverkefni -

Í þessu verkefni átt þú að skoða heimspekilegar spurningar á vísindavef Háskóla Íslands og svara nokkrum spurningum um þetta vefsvæði.

Lestu mjög vel fyrirælin hér að neðan og **svaraðu spurningunum á línustrikað blað (má vélrita)** – vandaðu frágang!

Merktu verkefnið með fyrirsögn, nafninu þínu og dagsetningu. Merktu alla svarliði á skýran hátt og svaraðu alltaf með heilum setningum. **Það er bannað að afrita texta beint af vefnum** – þú átt að svara með þínum eigin orðum nema um annað sé beðið.

Skiladagur: _____

A. Farðu á heimasíðu vísindavefsins: www.visindavefur.is

Farðu í dálkinn „Svör eftir flokkum.“

Veldu „Hugvísindi“ og veldu síðan „heimspeki.“

Þarna finnur þú lista yfir þær heimspekilegu spurningar sem svarað hefur verið á vefnum.

B. Svaraðu eftirfarandi spurningum:

1. Hver er fyrsta heimspekispurningin á listanum?
2. Hver er síðasta spurningin á síðustu síðunni?
3. Finndu nöfn á að minnsta kosti tíu heimspekingum sem spurt er um.
4. Skoðaðu allar síðurnar af spurningum. Nefndu síðan þrjár athyglisverðustu spurningarnar (þú þarft ekki að lesa öll svörin, bara vera forvitin/n um spurningarnar sjálfar).
5. Farðu í leitarreitinn á síðunni og sláðu inn spurninguna „Er til einhver guð, annars staðar en í hausum fólks?“ – hver er höfundur svarsins við þessari spurningu?
6. Sláðu svo inn spurninguna „Gengur heimspeki út á það eitt að flækja hlutina svo mikið fyrir manni að maður kaffærist í eigin svörum?“
 - a. Hrannar Baldursson svara þessari spurningu með skýru NEI, nefndu einhver rök sem hann færir fyrir þessari skoðun sinni.
 - b. Lestu síðan síðustu efnisgreinina í svarinu hans Hrannars: Hvernig lýsir hann heimspekingnum?
7. Flettu upp spurningunni „Er vatn blautt?“ – Svarið við spurningunni byrjar með orðunum „Svarið er já; vatn er blautt á svipaðan hátt og ...“ –
 - a. Hvernig endar svo setningin?
 - b. Er þessi setning svar við spurningunni? Útskýrðu svar þitt.
8. Finndu spurninguna „Ef málfrelsi ríkir og allir mega tjá skoðanir sínar, má ég þá predika hið gagnstæða?“ – finnst þér þetta vera spurning sem skiptir miklu máli í nútímasamfélaginu? Af hverju?
9. Það er Atli Harðarson sem svarar spurningunni um málfrelsi og hann byrjar á að segja að það sé í raun hægt að skilja spurninguna á tvo ólíka vegu – hvaða tvo vegu á hann við?

C. Veldu þér eina spurningu úr safninu og lestu vel svarið.

1. Hver er spurningin?
2. Hvað gerir þessa spurningu að heimspekilegri spurningu?
3. Skrifaðu útdrátt af svarinu, 50-100 orð.
4. Ertu sammála niðurstöðu svarsins? Af hverju/af hverju ekki?
5. Er svarið gott? Af hverju/af hverju ekki?

D. Skrifaðu þína eigin heimspekilegu spurningu:

1. Hver er spurningin þín?
2. Sendu hana til Vísindavefsins
3. Hvernig svaraði Vísindavefurinn sendingunni þinni? (gott að prenta út tölvupóstinn frá þeim og skila með svörunum þínum)



Að hugsa. Og af því að það kostar ekki neitt þá er eins gott að hugsa nógu stórt. Ekki um baðflisar eða annan hégóma. Heldur frekar um Suðrhafseyjar eða jafnvel heimsyfirráð. Teygja sig nán í leyndustu afkima sálarinnar og draga þar fram skrautútgáfur af því geggjaðasta. Gætið þess bara að hugsa ekki upphátt. Það gæti orðið dýrkeypt. Í hljóði er þetta ókeypís. ■

Ertu sammála???!!!